

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Miðholt 2-12.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis í Reykholti í Bláskógabyggð. Breytingin tekur til lóðarinnar Miðholt 2-12 sem áður gerði ráð fyrir sex íbúða raðhúsi. Lóðinni verður skipt upp í tvær lóðir sem fá númerin 10 og 12. Á hvorri lóð verður heimilt að byggja fjögurra íbúða raðhús í stað eins raðhúss.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. desember 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. mars 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2020